

# 205. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 11. SEPTEMBER 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík kl. 11

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing
  - a) Kirkjuþing unga fólksins
  - b) Kirkjuþing 2013
    - drög að málaskrá
    - samþykktir kirkjuþings 2012 staða mála
3. Fundargerð lagahóps
4. Fjármál
  - a) Reglur um greiðslur ferðakostnaðar innanlands
  - b) Viðmið og reglur um úthlutanir úr kirkjumálasjóði og Jöfnunarsjóði sókna
  - c) Minnisblað vegna fundar með fjármála- og efnahagsráðherra
  - d) Fundargerð fjármálahóps
  - e) Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2014
  - f) Einföldun launaumsýslu starfsfólks Biskupsstofu
5. Almennatengsl og upplýsingamál
6. Skálholt
  - a) Deiliskipulag áframhaldandi vinna
  - b) Bréf Skólaráðs Skálholtsskóla til kirkjuráðs
  - c) Erindi frá sóknarnefnd Skálholtssóknar
7. Önnur mál
  - a) Skipun í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar
  - b) Skipun eins fulltrúa í launanefnd kirkjunnar
  - c) Ályktanir héraðsfunda
  - d) Fundargerð biskupafundar
  - e) Stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar til bráðabirgða

---

## 1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á biskupsstofu 11. september kl. 11. Mætt voru Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Fundinn sátu jafnframt Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari sem ritaði fundargerð. Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með breytingum á 7. máli e) lið.

---

## 2. KIRKJUÞING 2013

---

*a) Kirkjuþing unga fólksins 2013.*

Kirkjuþing unga fólksins 2013 samþykkti fimm ályktanir.

Fyrsta ályktunin er um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.

Kirkjuráð samþykkti að Kirkjuþing 2013 fái málið til umfjöllunar.

Önnur ályktunin er um kjör ungmenna til setu á hinu almenna kirkjuþingi.

Kirkjuþing unga fólksins hefur einn fulltrúa á kirkjuþingi, með málfrelsi og tillögurétt. Kirkjuráð telur að ekki skuli fjölga fulltrúum á kirkjuþingi.

Þriðja ályktunin er um réttindi ungleiðtoga.

Kirkjuráð samþykkti að fela Kirkjustarfhópi að vinna þetta mál áfram í samstarfi við starfsfólk á Þjónustusviði.

Fjórða ályktunin er um stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs.

Ályktuninni hefur þegar verið komið á framfæri innan kirkju og utan, í tengslum við Kirkjuþing unga fólksins.

Fimmta ályktunin er um launataxta leiðtoga í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til launanefndar þjóðkirkjunnar.

*b) Kirkjuþing 2013*

- drög að málaskrá lögð fram til kynningar og umræðu.

- samþykktir kirkjuþings 2012 staða mála

Frestað til næsta fundar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því við forseta

kirkjuþings, að kirkjuráð fái frest til að leggja fram mál ráðsins fyrir kirkjuþing fram yfir næsta kirkjuráðsfund sem verður 9. október nk.

---

### 3. FUNDARGERÐ LAGAHÓPS

---

*Fundargerð lagahóps kirkjuráðs lögð fram til kynningar og umræðu.*

a) *Fundir með héraðsnefndum.*

Ásbjörn Jónsson gerði grein fyrir fundum lagahópsins með héraðsnefndum.

b) *Starfsreglur um samkirkjunefnd.*

Lagahópur kirkjuráðs lagði til að kirkjuþing móti stefnu í samkirkjumálum og á þeirri stefnumótun yrðu starfsreglur um samkirkjunefnd endurskoðaðar.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópnum að taka málið til frekari skoðunar.

c) *Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.*

Lagahópur kirkjuráðs kynnti tillögu þess efnis að Kirkjuþing 2013 beini þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna. Tillagan fjallar um að fella skuli út úr lögnum ákvæði um Úrskurðar- og Áfrýjunarnefnd, jafnframt því að færa fjárstjórnarvald kirkjunnar frá kirkjuráði til kirkjuþings.

Fleiri tillögur til breytinga á þjóðkirkjulögnum voru ræddar á fundinum.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópnum að vinna áfram að umræddum tillögum.

---

### 4. FJÁRMÁL

---

a) *Reglur um greiðslur ferðakostnaðar innanlands á vegum Biskupsstofu og kirkjustjórnarinnar lagðar fram til kynningar.*

b) *Viðmið og reglur um úthlutanir úr Kirkjumálasjóði og Jöfnunarsjóði sókna lagðar fram til kynningar.*

c) *Minnisblað vegna fundar með fjármála- og efnahagsráðherra*

Fimmtudaginn 5. september sl. fundaði biskup Íslands, með fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssyni, ásamt séra Gísla Gunnarssyni kirkjuráðsmanni og Guðmundi Þór Guðmundssyni framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Minnisblað frá fundinum var lagt fram til kynningar og umræðu.

Af þessu tilefni samþykkti kirkjuráð eftirfarandi bókun:

„Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á

kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna. Óumdeilt er að sóknir Þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi Þjóðkirkjunnar.

Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987.

Framundan eru viðræður Þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti.

Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um innheimtu og skil sóknargjalda og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka.

Kirkjuráð leggur þunga áherslu á að ríkið standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum ríkis og kirkju.“

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að koma bókuninni á framfæri við innanríkisráðherra, forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

*d) Fundargerð fjármálahóps var kynnt og rædd.*

Fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju. Rætt var um skipun samninganefndar og hvernig sú nefnd ætti að vera mönnuð.

*e) Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2014.*

Rætt um þær mannabreytingar sem orðið hafa á Þjónustusviði Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að sú stefna sem hefur gilt í söfnuðum kirkjunnar um frestun ráðninga í embætti sem losna, vegna leyfa eða starfsloka, skuli einnig gilda vegna starfa á Biskupsstofu.

*f) Einföldun launaumsýslu starfsfólks Biskupsstofu.*

Stefnt er að því að allar launagreiðslur starfsfólks Biskupsstofu verði afgreiddar í gegnum Fjársýslu ríkisins, frá og með næstu áramótum.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálastjóra og skrifstofu- og mannauðsstjóra að kynna þær fyrirætlanir fyrir fulltrúum Fjársýslunnar.

---

## 5. ALMANNATENGSL OG UPPLÝSINGAMÁL

---

Biskup lagði fram, til kynningar og umræðu, upplýsingar frá verkefnisstjóra upplýsingamála á Biskupsstofu. Rætt var um að vinna þurfi samskiptastefnu fyrir Biskupsstofu og einnig þurfi að endurskoða samskiptastefnu Þjóðkirkjunnar fyrir kirkjuþing 2014.

Kirkjuráð samþykkti að vinna málið áfram með það fyrir augum að auka þjónustu kirkjunnar á sviði almannatengsla og upplýsingamála.

---

## 6. SKÁLHOLT

---

a) *Deiliskipulag, áframhaldandi vinna*

Lagt var fram minnisblað frá framkvæmdastjóra um deiliskipulagsvinnu í Skálholti. Þar er óskað eftir aukafjárveitingu vegna vinnu við deiliskipulag. Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

b) *Erindi frá Skólaráði Skálholtsskóla lagt fram til kynningar.*

c) *Erindi frá sóknarnefnd Skálholtssóknar lagt fram til kynningar.*

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a) *Skipun í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar*

Kirkjuráð skipar fimm aðalmenn og tvo varamenn í fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar, til tveggja ára. Aðalmenn: Ingibjörg Pálmadóttir, Lóa Skarphéðinsdóttir, Páll Kr. Pálsson, Þorsteinn Pálsson og Kristín Magnúsdóttir. Varamenn: Guðbjörg Matthíasdóttir og Jón Kristjánsson.

b) *Skipun eins fulltrúa í launanefnd kirkjunnar*

Birgir Arnar hefur óskað eftir að verða leystur undan störfum. Kirkjuráð skipar Ingu Rún Ólafsdóttur í launanefnd kirkjunnar, í hans stað.

c) *Ályktanir héraðsfunda Vesturlandsprófastsdæmis og Suðurprófastsdæmis, og ályktun safnaðarfélags Grafarvogskirkju, lagðar fram til kynningar.*

d) *Fundargerð biskupafundar frá 29. ágúst lögð fram til kynningar.*

e) *Stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar til bráðabirgða*

Stjórn og varastjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar hætti störfum nú í sumar. Kirkjuráð samþykkti nýja bráðabirgðastjórn og varastjórn Tónskólans, sem starfa skal fram á vor 2014.

Aðalmenn í stjórn: Sveinbjörg Pálsdóttir, sem formaður, Kári Þormar og Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Varamenn: Kjartan Sigurjónsson, Jón Bjarnason og Hlín Torfadóttir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:40

Næsti kirkjuráðsfundur verður 9. október nk.

Stefnt er að því að halda hugflæðisfund um skipulag kirkjunnar þriðjudaginn 15. október nk.

Þorvaldur Víðisson  
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir  
Biskup Íslands